

UNIVERSITY COLLEGE LONDON

University of London

EXAMINATION FOR INTERNAL STUDENTS

For the following qualifications :-

M.A.

M.A. Scandinavian Studies (Medieval & West Norse Studies): 2. Unseen Translation from Modern Icelandic

COURSE CODE : **SCAN0002**

DATE : **11-SEP-01**

TIME : **10.00**

TIME ALLOWED : **3 hours**

01-N0004-4-30

© 2001 University of London

TURN OVER

Answer **BOTH** questions. Each question carries equal marks.

1. Translate the following passage into English:

Það er löngu orðin hefð að kalla tímabilið 870-930 landnámsöld Íslands, þótt fyrstu mennirnir hafi vísast sett niður bú hér eitthvað fyrr. Ari fróði Þorgilsson segir í *Íslendingabók*, að á 'sex tugum vetra yrði Ísland albyggt'. Flestir skilja 'albyggt' sem svo, að þá hafi fólk búið í öllum héruðum, sem byggð voru á dögum Ara. En menn hafa þó velt ýmsum spurningum fyrir sér: Hverjir fluttust til Íslands og hvaða mál töluðu þeir? Hvað bjó margt fólk hér um 930?

Núna líkist íslenska mest þeirri norsku, sem töluð er í Vestur-Noregi, en einmitt þaðan komu margir landnámsmenn, ef marka má *Landnámabók*. Þar eru nafngreindir um 1000 landnámsmenn, um 85% þeirra eru talin hafa verið frá Noregi, 12% frá byggðum norrænna manna vestanhafs, þ.e. Bretlandseyjum, og 3% frá Svíþjóð og öðrum löndum.

Og þá er eftir að úrskurða hvaða mál lá fólki á tungu. Talaði það 'íslensku' eða einhverja blöndu af mállýskum frá Noregi, Hjaltlandi, Englandi og Írlandi? Ef til vill má segja svo, að íslenska hafi 'orðið til' á landnámsöld. Hingað kom fólk úr ýmsum áttum, málið hlaut að blandast, hver setti sitt orð í belginn, sitt hljóð, sína sérvisku og málið varð til. Íslenska er innflytjendamál, og það mótaði hana. Hér bjó fólk tiltölulega einangrað, hér var ekkert þéttbýli, en fjöldi heimila í fjarska stóru landi. Annars er íslenska málsvæðið um margt sérkennilegt. Enginn býr á miðju landinu nema veðurathugunarmenn. Byggðin er mest við sjóinn og í dölum.

Háar heiðar og erfiðir fjallvegir eru milli margra byggða, jökulár skipta löndum í öðrum sveitum, svo að ætla hefði mátt, að hér yrðu til miklar mállýskur strax í upphafi. Líklega hafa mállýskur innflytjenda jafnast á fyrstu áratugum og öldum Íslandsbyggðar, en síðar fer málið að breytast. Breytingar byrja hjá einstaklingum, breiðast út til hóps og síðan úr einu héraði til annars. Alþingi hefur líklega hamlað gegn mállýskumyndun, en réð þó ekki úrslitum. Hér voru litlir skógar, en erlendar rannsóknir benda til, að um skóglendi liggi gjarnan mállýskumörk, ekki síst ef þar eru villidýr. Og fólk var mikið á ferðinni í gamla bændasamfélaginu. Enn má nefna, að ár hvert fór fjöldi norðanmanna suður til fiskveiða á veturnum, og síðar meir fóru Sunnlendingar norður í land í kaupavinnu.

2. Translate the following passage into English:

Veraldlegar frásagnarbókmenntir sem þýddar voru á norræna tungu á miðöldum nefnast einu nafni þýddar riddarasögur. Eins og sjá má af lista á næstu blaðsíðu er hér um töluverðan fjölda sagna að ræða, og gegndu þær mikilvægu hlutverki í þróun íslenskra bókmennta. Sem dæmi um þetta má nefna að í þremur af ástsælustu Íslendingasögunum, Njáls sögu, Laxdæla sögu og Grettis sögu, má finna greinileg áhrif frá einhverri ofantalinna sagna. Þýddar riddarasögur eru einnig mikilvægar heimildir fyrir bókmenntasögu annarra þjóða í Evrópu, því sumar þeirra veita upplýsingar um rit sem annaðhvort hafa glatast á frummálinu eða hafa aðeins varðveist í brotum. Þannig er Tristrams saga og Ísöndar eina heila gerðin sem enn er til af frönsku ljóði um þau. Tristrams saga fyllir því upp í eyðu í franskri bókmenntasögu.

En hvenær og hvar var þýtt? Þangað til á dögum Hákonar Hákonarsonar, sem ríkti í Noregi frá 1217 til 1263, virðist tiltölulega lítið hafa verið þýtt af veraldlegum bókmenntum. Fyrsta þýðingin úr frönsku sem vitað er um heyrir ekki beint til frásagnarbókmennta. Hún segir frá samræðu líkama manns við sálina í sér. Þýðingin hefur varðveist í norsku hómilíubókinni.

Íslendingar þekktu til kappakvæða um Karlamagnús þegar á 12. öld. Freistandi væri að ætla að einhver þeirra hefði verið þýdd svo snemma, en ekkert bendir til þess. Þó hefur tekist að finna málsöguleg rök fyrir því að frásagnir af Karlamagnúsi hafi verið þýddar á Íslandi ekki síðar en á fyrstu áratugum 13. aldar, en þær munu hafa verið þýddar úr latneskri króniku eftir franskann klerk.

Íslenskur munkur, Gunnlaugur Leifsson, mun hafa þýtt spádóma Merlínusar úr Breta sögum (*Historia regum Britanniae*) um 1200. Þýddi hann þá undir fornyrðislagi og virðist sú þýðing hafi orðið mjög vinsæl, því þar sem Merlínusspá hefði átt að standa í einu handriti Breta sagna frá því á 14. öld hefur verið ritað að óþarfi sé að skrá hana þar sem svo margir kunna hana utanbókar.